

Nám og kennsla

Helstu áhersluatriði í námi og kennslu

Nám og kennsla

Kennsla í Selásskóla er í samræmi við lög og reglugerðir þar að lútandi. Aðalnámskrá grunnskóla kveður á um hvað skuli kennt í skólum landsins og er henni fylgt í Selásskóla. Hver skóli útfærir kennsluna á sinn hátt og getur markað sér sérstöðu á vissum sviðum. Hér á eftir er tíunduð helstu áhersluatriði í námi og kennslu í Selásskóla. Nánari útfærslu má sjá í Skólanámskrá Selásskóla – Prepamarkmið og áætlanir og Lesið og kennt.

Móðurmál

Íslenska er ein mikilvægasta námsgrein grunnskólans. Hún er það sem skapar sérstöðu okkar sem þjóðar ásamt menningarfinum. Selásskóli leggur áherslu á heildstæða kennslu móðurmálsins og að nemendur öðlist færin í að koma hugsunum sínum á framfæri í ræðu, ritun og myndum. Við viljum að móðurmálskennslan ýti undir sköpun, frumkvæði og hugmyndaflug nemenda.

Með starfi okkar leggjum við áherslu á að þeir nái færni í lestri og skilji þann texta sem þeir lesa, hvort sem hann er að finna í bókum, blöðum eða í skjámiðlum. Þjálfun og aftur þjálfun er það sem máli skiptir og því mikilvægt að nemendur lesi og skrifi heima og þá ekki aðeins það sem skólinn setur þeim fyrir. Foreldrarir gegna lykilhlutverki í máluppeldi barna sinna.

Í starfi okkar leggjum við áherslu á að nemendur okkar öðlist góða þekkingu á menningararfinum og geri sér grein fyrir mikilvægi hans og hvernig hann hefur mótað okkur sem Íslendinga.

Stærðfræði

Ásamt móðurmáli er stærðfræði kjarnagrein í íslenskum grunnskólum. Með nýju námsefni hafa áherslur í kennslu stærðfræðinnar breyst. Mikil áhersla er lögð á að nemendur tileinki sér rökhugsun og að finna leiðir til lausna ásamt því að þeir öðlist leikni í meðferð talna.

Náttúruvísindi

Nánast umhverfi okkar og náttúran hefur mótandi áhrif á líf manna. Skilningur á þeim lögmálum sem ríkja í náttúrinni og vilji til að umgangast hana af virðingu er öllum mönnum nauðsynleg. Með mikilvægi náttúrunnar fyrir samfélag manna í huga hefur Selásskóli lagt áherslu á umhvefismennt og útikennslu. Árið 1998 setti Selásskóli sér umhverfisstefnu Helstu áhersluatriði í umhverfismennt eru listuð hér á eftir:

Umhverfismennt

- Stefna Selásskóla í umhverfismennt byggir á þeirri hugmyndafræði að nemendur upplifi og undrist það sem er athyglisvert, skemmtilegt og fallett í náttúrunni.
- Selásskóli leggur áherslu á að ala með nemendum sínum virðingu fyrir náttúrunni og að kenna þeim að skilja almenn náttúruleg mál, samhengi í náttúrunni, hringrásir og lífsþarfir.
- Selásskóli leggur áherslu á að nemendur uppgötvu og njóti fegurðar, margbreytileika og kyngi íslenskrar náttúru og öðlist staðgóða þekkingu á henni.
- Selásskóli leggur áherslu á að nemendur kynnist vel nánasta umhverfi sínu og láti sér annt um það.
- Selásskóli leggur áherslu á að nemendur taki virkan þátt í að fara vel með auðlindir og flokki úrgang til endurvinnslu og endurnýtingar.

Útikennsla

- Selásskóli leggur áherslu á útikennslu í sem flestum námsgreinum
- Selásskóli leggur áherslu á að nýta fjölbreytt umhverfi sitt til að auðga kennslu skólans og tengja hana samfélagi og náttúru.
- Selásskóli telur mikilvægt að tengja útikennslu við kennslu í upplýsingatækni svo að börn verði landlæs ekki síður en upplýsinga- og tæknilæs.
- Selásskóli leggur áherslu á útiveru nemenda og stuðlar þannig að bættu heilsufari þeirra, bæði til líkama og sálar.

Umhverfisstefna Selásskóla - áhersluatriði

Selásskóla var sett umhverfisstefna haustið 1998. Hún var síðan staðfest í stefnu skólans: Látum þúsund blóm blómstra. Áhersluatriði í umhverfisstefnu skólans eru t.d. að:

- Spara pappír - nýta hann vel og nota blöð báðum megin.
- Flokka afgangspappír - í gæðapappír, blandaðan pappír og bylgjupappa og senda hann til endurvinnslu.
- Draga úr notkun einnota umbúða - skólamjólk er keypt í 10 l umbúðum og nemendur drekka úr glösum.
- Skola allar fernur úr eldhúsum og senda í endurvinnslu.
- Jarðgera alla lífræna afganga, af nesti, úr eldhúsum og smíðastofu, í safnkassa við skólann.
- Gæta þess að spilliefni, s.s. rafhlöður, fari ekki í almennt rusl.

- Spara rafmagn - nota dagsbirtu og hafa slökkt í herbergjum þar sem enginn er og á tækjum sem ekki er verið að nota.
- Varast mengun og nota umhverfishæfar vörur, t.d. hreinlætisvörur.
- Endurnýta, t.d. plastpoka, og spara óþarfa tilkostnað við innkaup og sorplosun.
- Hvetja nemendur til að spara orku, draga úr mengun og bæta heilsuna með því að ganga í skólann.

Lesgreinar

Lesgreinarnar landafræði, saga og kristinfræði skarast við margar aðrar námsgreinar grunnskólans. Í þessum greinum læra nemendur um sjálfa sig og sitt nánasta umhverfi og smám saman er sjóndeildarhringurinn víkkaður meira og meira út.

Lífsleikni

Í Lífsleikni fer fram ýmis fræðsla sem stendur utan hefðbundinna námsgreina. Vorið 2004 var ákveðið að skólinn tæki upp vinnubrögð Olweusaráætlunarinnar og í tengslum við þá áætlun var farið að leggja meiri áherslu á lífsleikni sem sérstakrar námsgreinar.

Skólavinir

Þátttakendur í skólavina-verkefninu eru nemendur í 7. bekk í Selásskóla.

Markmið: Að nemendur beri ábyrgð á og hafi eftirlit með yngstu skólasystkinum sínum, þ.e. nemendum í 1. - 4. bekk í frímínútum.

Úti í frímínútum klæðast skólavinir sérmerktum úlpum. Skólavinir starfa 4 - 5 saman, eina viku í senn. Skólavinir:

- Aðstoða 1. - 4. bekinga við að klæðast útifatnaði og að koma sér út í frímínútur.
- Líta eftir og fylgjast með nemendum úti á leiksvæðum.
- Taka þátt í leikjum nemenda og/eða stjórna leikjum og reyna að fá sem flesta með.
- Fara í gönguferðir um lóð skólans og spjalla við nemendur.
- Reyna að leysa vandamál sem kunna að koma upp meðal nemenda í samvinnu við starfsfólk á útivakt.

Það eru Regnbogabörn, fjöldasamtök gegn einelti, sem hafa gefið skólanum úlpurnar sem skólavinir klæðast. Það er von Regnbogabarna að þeir sem klæðast úlpunum leggi sig fram um að koma í veg fyrir einelti og aðra óæskilega hegðun í skólum og á skólavellinum.

Erlend tungumál

Meginmarkmið náms í erlendum tungumálum í grunnskóla er að nemendur geti notfært sér kunnáttu sína til að afla sér þekkingar, eiga samskipti og geta miðlað upplýsingum um sig og umhverfi sitt.

Enska

Í Selásskóla hefst enskukennsla í 5. bekk og fá nemendur tvær kennslustundir á viku í 5. - 7. bekk.

Danska

Danska er kennd í 7. bekk og fá nemendur þrjár kennslustundir á viku.

List og verkgreinar / upplýsingamennt

List og verkgreinar sem kenndar eru í Selásskóla eru handmennt, hönnun og smíði, myndmennt, heimilisfræði, upplýsingamennt og tónmennt. Til að stuðla að betri samfelli í námi nemenda í þessum greinum og auka samkennd og samvinnu milli þeirra eru þessar greinar fyrir utan tónmennt kenndar í lotum. Í því felst að hverjum árgangi er skipt í 5 hópa með 11 – 12 nemendum í hverjum hóp. Hver hópur fær fimm kennslustundir á viku í 7 vikur.

Nemendur í 1.-6. bekk fá tvær kennslustundir á viku í tónmennt.

Íþróttir

Selásskóli leggur áherslu á að nemendur stundi holla hreyfingu og útivist. Á stundaskrá fá nemendur tvær kennslustundir í íþróttum á viku.

Sund

Allir bekkir fá sundnámsskeið. Bekkjunum er skipt í tvo hópa og er annar hópurinn fyrir áramót, en hinn eftir áramót. Kennt er í Árbæjarlaug og nemendum í 1. – 3. bekk er ekið að lauginni og að skóla að tíma loknum.

Heimanám

Heimanám er hluti af námi nemenda og stuðlar að betri námsárangri og því er nauðsynlegt að nemendur skilji mikilvægi þess að vinna vel og skipuleggja námið. Gott samstarf milli heimila og skóla er mikilvægt ef góður árangur á að nást. Hér eru nokkur góð ráð varðandi heimanám og þá aðstoð sem foreldrar geta veitt börnum sínum.

- **Friður og ró.** Börnum finnst mikilvægt að vera í nálægð við fullorðna og hafa ró við vinnu sína.
- **Ekki of seint á kvöldin.** Ákveða sameiginlegan tíma sem hentar báðum, foreldrum og börnum.
- **Æfingin skapar meistarann.** Endurtekning er nauðsynleg t.d. að láta barnið lesa upphátt o. fl.
- **Einbeiting eykur árangur.** Ef barnið á erfitt með að einbeita sér er gott að taka hlé í 10-20mín.
- **Barnið þarf að skilja verkefnið.** Sýndu þolinmæði og hlustaðu .
- **Vertu jákvæður .** Ekki nöldra yfir heimanáminu við barnið. Talaðu við kennarann.
- **Engan samanburð við systkini eða aðra.**
- **Vertu í nánú sambandi við skólann.** Börnum líður vel ef samskipti eru góð við skólann.
- **Notið ykkur tæknina.** Fáíð lánaðar hljóðbækur og önnur gögn sem geta létt ykkur vinnuna.

Námsmat

Námsmat miðar að því að gefa örugga vitneskju um stöðu nemenda. Námstaða er könnuð með ýmsum hætti allt skólaárið. Metið er hvernig nemandinn stendur, hafa orðið framfarir eða þarf að grípa til einhverra sérúrræða? Tilgangur námsmats er að afla upplýsinga sem hjálpa nemendum við námið, örva þá og hvetja til að leggja sig betur fram. Í Selásskóla fá nemendur umsagnir tvisvar á ári, í febrúar og maí/júní og reynt er að koma til móts við nemendur með frávík við próftöku. Samræmd könnunarpróf eru lögð fyrir í 4. og 7. bekk í stærðfræði og íslensku í október ár hvert.

Fastir liðir

Í skólanum hafa skapast hefðir og ákveðin atriði hafa fest sig í sessi sem fastir liðir í starfi árganga eða skólans í heild.

- Leikjadagar eru tvisvar á skólaárinu. Þá fara nemendur út ásamt kennurum sínum og leika sér saman í um tvær kennslustundir í blönuðum hópum.
- Þemadagar eru einu sinni á skólaárinu. Oftast nær á vormisseri. Þá er nemendum skólans blandað saman í hópa og unnið að ákveðnu þema á skapandi hátt. Dæmi um þemu er Kína og Ævintýraskógurinn.
- Stóra upplestrarkeppnin hefst formlega á Degi íslenskrar tungu sem er á afmælisdegi Jónasar Hallgrímssonar, 16. nóvember. Það er sjöundi bekkur sem tekur þátt í henni.
- Reykjaferð er vikulöng ferð sjöundu bekkja í skólabúðirnar að Reykjum í Hrútafirði.
- Hengilsgangan er ferð sem er farin að vori í sjöunda bekk.
- Helgileikur er fluttur af sjöunda bekk á aðventu.

- Ljósahátíð er sýning sem fjórðu bekkir sjá um á aðventu.
- Ýmsar vorferðir sem gjarnan tengjast námi nemenda.
- Sýningar á sal þar sem bekkir flytja atriði fyrir aðra nemendur skólans. Á þessa sýningu er foreldrum gjarnan boðið.
- Söngsalur er öðru hvoru. Þá koma nemendur á skal og syngja saman.

Agakennsla

Agamálin eru sameiginlegt viðfangsefni heimila og skóla. Með því að stilla kraft sína saman geta þessir aðilar alið börnin upp í góðum siðum. Ef nemandi brýtur skólareglur og hagar sér illa í skólanum eiga foreldrar hans að fá að vita það, þannig að þeir geti tekið á málunum með skólanum. Gott samstarf og samvinna er lykilatriði í þessum málum eins og svo mörgum.

Skólareglur Selásskóla

1. Öllum á að líða vel í skólanum. Við leggjum ekki aðra í einelti.
2. Sýnum öllum virðingu, kurteisi og tillitssemi.
3. Segjum frá ef við sjáum að einhverjum er strítt eða honum líður illa.
4. Mætum á réttum tíma í skólann og aðeins með það sem við þurfum að nota í skólanum.
5. Skiljum engan útundan.
6. Veitum öllum tækifæri til að vinna og leika sér í friði og ró.
7. Förum út í frímínútur.
8. Verum hjálpsöm. Hjálpum þeim sem lenda í vandræðum.
9. Höfum með okkur hollt nesti.
10. Göngum vel um skólann okkar.

Um agastjórnun og brot á skólareglum

Meginreglan í viðbrögðum við hegðunarerfiðleikum nemenda er sú að samræmis sé gætt í viðbrögðum starfsfólks. Umsjónakennarar gegna lykilhlutverki hvað varðar samskipti við foreldra og lausn mála. Nánar um hvernig brugðist er við hegðunarvandamálum og þann feril sem unnið er eftir má finna í kaflanum Aðgerðaáætlanir undir liðnum Forvarnir. Ferlar í agamálum.

Skólaeaglurnar skulu kynntar nemendum og foreldrum þeirra.

Nemandi sem brýtur skólareglur í ferð á vegum skólans getur átt á hættu að verða sendur heim á kostnað foreldra.

Nemendur eru ábyrgir fyrir því tjóni sem þeir kunna að valda á eignum skóla, starfsfólks eða skólafélaga sinna. Týni eða skemmi nemandi bók eða önnur gögn sem skólinn lánar honum skal viðkomandi bæta tjónið.